

nema mál þeirra og eiga tal við þá. Æn manninn sem með oss er á götunni, við blið voru í allri baráttunni, þekkjum vér ekki. Vér sjáum honum bregða til sorgar eða gleði, en hvað berst um í brjósti hans, veit enginn nema hann einn. Jafnvel voru vildustu vini þekkjum vér svo lítið að hver getur vænt annan ótrygðar og undirmála.

„Sjáid manninn.“ — Menn ættu að kynnast. Það er boðskapur sem þessi öld ætti að bera, kenning, er kyrkja þessara tíma ætti að flytja. En er það gjört? Ekki hefir það verið til skamns tíma.

Dr. Campbell höfundar „Nýju guðfræðinnar“ segir að Orþodox kyrkja hafi prédikað *dauðann og dóminn* en ekki *lífð og tilföldina*. Unitarar hafa sagt það sama löngu á undan Campbell, þess vegna skildu þeir sig við Orþodoxíuna. Æn það þykir aðgengilegra og sætara að taka það upp eftir „nýja spámanninum“, af því enn sem komið er heitir hann *ekkert* á kyrkjulega vísu. En látum það vera; Campbell og Unitarar hafa rétt fyrir sér í þessum efnum. Orþodoxian hefir upp til þessa tíma verið að kenna mönnum að þekkja dauðann og gröfinna, dómisdaginn og eilísfína, guð og Belsibul. Hún hefir um margar aldir verið að sýna þessar myndir. Þó eru menn litlu nær um þessa hluti.

Faðir Abraham hefir altaf synjað þrábeïðni ríka mannsins um að koma boðum til bræðra hans. Enginn hefir þaðan komið, engar raddir þaðan heyrst. Vér vitum ekki hót meira um land eilísfðarinnar en menn vissu á dögum Néa. Vér vitum að eins að grófin bindur enda á þjáningarnar hér, baráttuna, kappið, framgírnina og meta þrána. Cæsar deyr og verður að moldu. Napoleon, hugumstóri Napoleon! fellur til jarðar, eins og blöðin af trjánum; ekki breytir það gangi heimisins meira en það, og líkið hans hvílir stirðnað og kalt og hljótt í grófinni eins og líkið þitt eða mitt þegar stund vor er komin.

Petta vitum vér um grófinna.

Petta hefir ekki kyrkjan kent oss, heldur brota reynsla vor mannanna, og ef guðfræðin veit það, þá hefir hún orðið að læra það af oss.